

## Ræða Sólveigar Pétursdóttur 17. júní 2008 á Hrafnseyri

Heill, feginsdagur, heill frelsishagur!  
Heill, íslenska ættargrund.  
Heill, norræn tunga með tignarþunga,  
hér töluð frá landnámsstund.  
Heill, öldin forna með höfðingja horfna  
og heilir, þér góðu menn,  
er harmaldir báruð, sem svanir í sárum  
og sunguð, svo hljómar enn.

Ágæta samkoma.

Svo orti skáldkonan Hulda eða Unnur Benediktsdóttir Bjarklind í tilefni stofnunar Lýðveldisins 1944. Ríkisstjórn Íslands hafði skipað nefnd til að undirbúa þjóðhátíðina á Þingvöllum og var efnt til samkeppni meðal skálda landsins. Hátíðarljóð skáldkonunnar Söngvar helgaðir þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944 var eitt þeirra verðlaunaljóða sem flutt var á Þingvöllum þann dag.

Á Þingvöllum 17. júní 1944 flutti forseti sameinaðs Alþingis Gísli Sveinsson ávarp. Þar fagnaði hann því, að hinu langþráða marki í baráttu þjóðarinnar fyrir stjórn málafrælsi væri náð. Þjóðin væri nú loksins komin heim með allt sitt, fullvalda og óháð. Í ræðu sinni sagði hann, að allt ætti rót sína í því sem á undan væri gengið með margvíslegum hætti. Benti hann á í því sambandi að árla morguns þennan dag hefði minning eins ágætasta sonar þjóðarinnar Jóns Sigurðssonar forseta verið heiðruð. Og hér erum við í dag á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns til að heiðra minningu hans um leið og við fögnum þjóðhátíðardegi okkar.

Þjóðin hefur borið gæfu til að minnast Jóns Sigurðssonar á verðugan hátt. Auk þess að velja fæðingardag hans sem þjóðhátíðardag Íslands var Háskóli Íslands stofnaður á aldarafmæli hans 17. júní 1911. Kynslóðir koma og kynslóðir fara en minningin um Jón Sigurðsson lifir. Foreldrar fræða börn sín um hann og fyrir hvað hann stóð og í grunnskólunum lesa þau um sjálfstæðishetjuna Jón Sigurðsson. Framlag Jóns til sjálfstæðis Íslands er ekki síst mikils metið fyrir þann skýra rökstuðning sem hann hafði í málflutningi sínum.

Hver var þessi Jón Sigurðsson sem fékk þá grafskrift að vera – sómi Íslands, sverð þess og skjöldur? Sjálfstæðishetjan, þingmaðurinn og forseti Alþingis.

Jón Sigurðsson fæddist hér á Hrafnseyri eins og við vitum fyrir 197 árum. Hann var sprottinn úr hinu harðbýla umhverfi Vestfjarða þar sem bændur og sjómenn sóttu sér björg í bú í auðlindir sjávar, oft í baráttu við óblíða náttúruna. Átökin við náttúruöflin hjuggu oft stór skörð í mannlífið en urðu einnig til þess að herða manninn í lífsins glímu.

Jón ólst upp í góðu atlæti á prestsetrinu við ástúð foreldra sinna og afa síns og ömmu. Fljótlega bar á skýrleika hjá hinum unga pilti. Hann þótti snemma hafa að bera framúrskarandi gáfur og var hvers manns hugljúfi, stilltur og þrúður en gat

verið fastur á meiningu sinni þegar því er að skipta. Presturinn faðir hans skynjaði vel hve pilturinn var greindur og veitti honum uppfræðslu eftir því sem hann framast gat. Kom hann því til leiðar að Jón fer til Reykjavíkur vorið 1829 og tekur þar stúdentspróf.

Í Reykjavík dvaldi Jón í fjögur ár, vann í fyrstu í verslun hjá föðurbróður sínum Einari Jónssyni og réðist vorið 1830 sem skrifari hjá Steingrími Jónssyni biskupi Íslands í Laugarnesi. Hjá Steingrími hafði Jón aðgang að bókasafni biskups og þar vaknaði áhugi hans á sögu Íslands og menningu.

Jón fór til Kaupmannahafnar til frekari menntunar árið 1833 og bjó þar til æviloka. Í fyrstu lagði hann stund á málfræði en þegar hann fékk styrk frá gjafasjóði Árna Magnússonar sneri hann sér að lestri íslenskra bókmennta og seinna sagnfræði og hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann vann sem málvísindamaður hjá Árnasafni og naut styrkja til fræðirannsókna úr ýmsum vísindasjóðum.

Á þessum árum eru Íslendingar örsnauð og einangruð dönsk nýlendubjóð langt á eftir öðrum Evrópuþjóðum á flestum ef ekki öllum sviðum mannlífsins. Í lok 18. aldar og byrjun þeirrar 19. þegar áhrifa frelsisbyltingarinnar í Frakklandi gætir víða í Evrópu eru Íslendingar vart búnir að jafna sig eftir afleiðingar Skaftárelda og harðindanna í kjölfar þeirra. Flestir eiga fullt í fangi með að hafa í sig og á. Frelsisbyltingin í Frakklandi í lok 18. aldar og áhrif hennar í Evrópu nær ekki til Íslands heldur til íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn.

Tæplega þrítugur að aldri hóf Jón stjórnmalabartáttu sína. Hann nýtir sér þær þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað í Evrópu um og upp úr 1840 og kemst í góð kynni við helstu forsvarsmenn frjálslyndra sjónarmiða í Danmörku. Undir áhrifum kenninga Adams Smiths og annarra frjályndra hagfræðinga í Evrópu leggur Jón áherslu á mikilvægi samkeppni í verslun og telur að mestu varði fyrir eðlilega þróun á Íslandi að verslun þar verði gefin frjáls. Hann vill að Íslendingar sitji við sama borð og Danir í þeim efnum. Mál sitt styður hann með ítarlegum sögulegum rökum.

Annað áherslumál Jóns er endurreisn Alþingis sem ráðgefandi þing til að vekja þjóðarandann. Jón telur að deyfðin sé mesti óvinur Íslands. Hann vill ögra Íslendingum til að knýja þá til aðgerða og neyða þá til að hugsa.

Það er merki um framsýni Jóns að hann leggur áherslu á og telur að skynsemi og forsjálni mæli með Reykjavík sem höfuðborg og aðsetur Alþingis sem verði „sá aðalstaður að öll framför landsins og menntan, sú er sambýður þessari öld og hverri hinni komandi megi safnast á og útbreiðast þaðan og viðhaldast á Íslandi“ (Um Alþing á Íslandi – Ný félagsrit 1841).

Á undraskömmum tíma er Jón Sigurðsson orðinn eindreginn og öruggur foringi í pólitískri framvarðarsveit Íslendinga í hinni nývöknuðu frelsisbaráttu. Greinar hans í Nýjum félagsritum vekja athygli almennings á Íslandi og hann á einnig í samskiptum við fjölda Íslendinga bréfleiddis. Hann er óhræddur að standa uppi í hárinu á helstu höfðingjum á Íslandi og Danmörku. Þess sjálst nú merki víða um

Ísland að menn taka að fylkja sér á bak við hann og líta á hann sem foringja. Hann er að verða maður fólksins.

Jón var kosinn þingmaður Ísafjarðarsýslu árið 1844 og var forseti Alþingis um árabíl. Þar sem Alþingi kom á þeim tíma saman í sex vikur annað hvert ár gat Jón komið heim og sótt þing en búið áfram í Kaupmannahöfn.

Segja má að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi hafist á fyrri hluta 19. aldar og staðið yfir þar til sambandslögin tóku gildi 1. desember 1918. Til þeirrar baráttu lagði Jón Sigurðsson drjúgan skerf. Í greininni „Hugvekja til Íslendinga“ sem birtist í Nýjum félagsritum árið 1848, sama ár og Danakonungur afsalaði sér einveldi, hvatti hann Íslendinga til að berjast fyrir sjálfstæði. Hann rökstuddi sjálfstæðisbaráttuna þannig að við afnám einveldisins væri Ísland orðið að sjálfstæðu landi eins og það hefði verið áður en Gamli sáttmáli var gerður 1262. Hann taldi Íslendinga ekki heyra undir danska þjóð, einungis konunginn. Ísland væri því ekki hluti af Danmörku. Jón er orðinn forsvarsmáður sjálfstæðisbaráttunnar áður en hann er fertugur og heldur stöðu sinni þrátt fyrir margvíslegar mótbárur á sínum ferli.

Þjóðfundurinn árið 1851 markaði tímamót. Á fundinum átti að taka fyrir mál er vörðuðu stjórnskipun Íslands og lagði Trampe greifi fram frumvarp sem fól í sér að Ísland yrði algerlega innlimað í Danmörku. Mikil eining var meðal fundarmanna og stóðu þeir allir með leiðtoga sínum í andstöðunni gegn frumvarpinu. Þegar Trampe sá að frumvarpið yrði fellt þar sem þjóðkjörnir fulltrúar voru því andvígir sleit hann fundi. Jón Sigurðsson mótmælti þá í nafni konungs og þjóðarinnar. Risu þá allir fulltrúarnir úr sætum og hin fleygu orð voru mælt „Vér mótmælum allir“.

Í þessu samhengi er athyglisvert að lesa lýsingu Jóns Sigurðssonar á hvaða kostum þingmenn skulu búnir í bréfi hans til Gísla Brynjólfssonar þann 12. júlí sama ár: „Andi þingmanna er sá að láta gjöra sér og landi sínu órétt með valdi, ef svo skyldi til takast, en aldrei játa því sem rangt er, en svo mun vera látið í veðri vaka sem slitið verði þingi ef þeir verða þráir og munu þeir ekki vikna við það“. Þessi ummæli eru í samræmi við seiglu og skapfestu Jóns og endurspeglast í áletrun á skjaldarmerki sem félagar hans færðu honum í Kaupmannahöfn sem fræg hefur orðið: „Eigi skal víkja“.

Jón Sigurðsson sem jafnan var kallaður forseti var einn helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld. Þó að hann hafi verið forseti Alþingis í allmörg ár kom viðurnefnið til af því að hann var forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags. Eiginkona Jóns var Ingibjörg Einarsdóttir en þau giftust árið 1845. Þau eignuðust ekki börn en ólu upp systurson Jóns, Sigurð Jónsson frá átta ára aldri.

Enn þann dag í dag er Jón Sigurðsson í hávegum hafður meðal Íslendinga. Í Alþingishúsinu við Austurvöll er stór mynd eftir Gunnlaug Blöndal frá þjóðfundinum 1851 sem sýnir mótmæli Jóns og annarra þingmanna. Það er athyglisvert að Trampe greifi er ekki smáfríður á þeirri mynd! Gestir í

Alþingishúsinu fá alla jafna sérstaka fræðslu um þennan þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og þar er Jón Sigurðsson auðvitað fremstur í flokki.

Það er víðar en á Íslandi sem nafn og minning Jóns Sigurðssonar hefur lifað. Löngu áður en Íslendingar fóru að halda 17. júní hátíðlegan ákváðu Íslendingar í Winnipeg í Kanada að velja fæðingardag Jóns Sigurðssonar fyrir þjóðmenningarhátíð Íslendinga í Vesturheimi. Í Winnipeg í Kanada starfar kvenfélagið Jon Sigurdsson IODE sem í rúm 90 ár hefur haldið minningu Jóns á lofti, meðal annars með sérstakri athöfn 17. júní ár hvert við stytta Jóns Sigurðssonar í garði þinghúss Manitoba þar í borg. Forsaga þeirrar stytta, sem er afsteypa þeirrar sem stendur við Austurvöll í Reykjavík, er fjársöfnun meðal Vestur-Íslendinga og þátttaka þeirra í því að Jóni Sigurðssyni var reistur minnisvarði á Íslandi á 100 ára fæðingardegis hans 17. júní 1911.

Einstaka sinnum eftir andlát Jóns 1879 héldu aðdáendur hans minningu hans á lofti með því að drekka afmælistkaffi hans á 17. júní einkum í Reykjavík. Árið 1907 voru í fyrsta skipti haldin hátíðarhöld í Reykjavík en þá stóðu fyrir þeim stjórnarandstæðingar undir forystu Björns Jónssonar í Ísafold. Árið 1911 markar svo tímamót. Þá eru mikil hátíðarhöld 17. júní í Reykjavík, stofnaður Háskóli Íslands og Hrafseyrarhátíð er haldin í fyrsta sinn á Hrafseyri. Þjóðhátíðardagurinn 17. júní kemur fyrst eftir lýðveldisstofnun 1944.

Fyrir lýðveldishátíðina forðum skipaði þáverandi ríkisstjórn Íslands nefnd til að undibúa hana eins og fram kom í máli mínu áðan. Senn eru tvær aldir liðnar frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og vorið 2007 fól Alþingi Geir H. Haarde forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Nefndin var skipuð þann 17. júní 2007 og er sú sem hér stendur formaður nefndarinnar en auk mín skipa hana fulltrúar stjórnarmáflakka sem eiga sæti á Alþingi, fulltrúi Alþingis og fulltrúi Hrafseyrarnefndar. Nefndin á að skila forsætisráðherra fyrstu tillögum eigi síðar en í árslok 2008 en vinni síðan að undirbúningi hátíðarhalds á árinu 2011.

Það er ljóst að í mörg horn er að líta þegar fagna á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Sýningar, kvikmyndagerð, margmiðlun, bókaútgáfa og ritgerðarsamkeppni. Þetta eru aðeins fá dæmi af mörgum sem nefndin mun skoða. Áhersla er lögð á sem víðtækasta skýrskotun í líf og starf Jóns og að horfa til þeirra staða þar sem Jón bjó og starfaði.

Áhugi er fyrir að lagfæra nánasta umhverfi Hrafseyrar og að setja upp nýja sýningu um Jón hér á Hrafseyri sem hefði aðdráttarafl fyrir innlenda sem erlenda gesti, skólafólk og heimamenn. Sýningin hefði að meginþema sögu staðarins, lífið á Íslandi á 19. öld, ætt og uppruna Jóns Sigurðssonar, æskuár og uppvöxt, þingmennsku hans fyrir vestan og þau verk sem hann vann einkum að hér á landi.

Einnig er áhugi fyrir að auka kynningu á Jónshúsi í Kaupmannahöfn og starfsemi þar auk þess að sýningin í Jónshúsi verði bætt, m.a. með því að

koma fleiri herbergjum í það 19. aldar horf sem var þegar Jón og Ingibjörg bjuggu þar.

Þá má hugsa sér sýningu í Reykjavík sem legði áherslu á námsár Jóns í Reykjavík og á Bessastöðum, starf hans sem ritara biskups í Laugarnesi, Þjóðfundinn, þinghaldið og dvöl Jóns í Reykjavík yfir þingtímann þau sumur sem hann sat á þingi frá 1845-1879.

Jóns Sigurðssonar verður einnig minnst með verðugum hætti meðal afkomenda Íslendinga í Vesturheimi.

Ágæta samkoma.

Þó svo að endurreistu Alþingi hafi verið valinn staður í Reykjavík þá eru Þingvellir samt sem áður einn helgasti staður í hjarta þjóðarinnar. Þar höfum við fagnað flestum merkisatburðum í sögu þjóðarinnar. Það er því mín skoðun að Alþingi Íslendinga eigi að hafa aðstöðu á Þingvöllum þar sem hægt sé að hafa þingfundi innandyra, taka á móti gestum og halda upp á merkisatburði. Ég tel einnig að vel færi á því að Alþingi og ríkisstjórn færu með stjórn þeirrar hátíðardagskrár sem haldin er á Austurvelli að morgni 17. júní ár hvert fyrir framan stytta Jóns Sigurðssonar, enda er það hátíðarviðburður ætlaður landsmönnum öllum.

En hvers vegna viljum við halda svo veglega afmælishátíð árið 2011? Það er vegna þess að Jón Sigurðsson og barátta hans er táknrænn og órjúfanlegur hluti af sögu og sjálfstæði Íslendinga. Við eigum honum svo mikið að þakka, þessi þjóð sem lifði af hungur og náttúruhamfarir í gegnum aldirnar. Þessi þjóð sem var orðin kúguð og framtakslaus og bjó í lágreistum torfbæjum í landi sem stjórnað var af hálfðönskum embættismönnum. Jón Sigurðsson kveikti hjá okkur vonina, hann kom með frelsisandann inn í íslenskt þjóðlíf. Hann færði okkur heim sannindin um það að við Íslendingar gætum staðið á eigin fótum, virt manngildi og réttindi einstaklingsins í stéttlausu samfélagi.

Jón Sigurðsson var alla ævi að berjast fyrir bættum hag þjóðarinnar. Þessi barátta hélt áfram eftir að hann féll frá og aðrir tóku við kyndlinum. Íslensk þjóð sem var ein sú fátækasta í Evrópu við lok seinni heimsstyrjaldar er í dag í fremstu röð meðal þjóða heims hvað snertir lýðræði og mannréttindi. Við Íslendingar erum ekki einungis svo nátengd okkar landi að eftir er tekið heldur erum við einstaklega stolt af því sem við höfum afrekað í gegnum tíðina. Þess vegna höldum við nafni Jóns Sigurðssonar hátt á lofti og þess vegna munum við halda veglega upp á 200 ára afmæli hans.

Gleðilega þjóðhátíð!